

## FUNDARGERÐ

### 21. fundar stjórnar Fiskeldissjóðs, 24.01. 2022.

Fundurinn hófst kl. 14 og lauk kl. 15:30.

Fundur var haldinn í stjórn Fiskeldissjóðs 24. janúar 2022. Fundurinn fór fram sem fjarfundur á teams. Mætt voru á fundinn Haraldur L. Haraldsson og Álfheiður Ingadóttir. Auk þeirra var starfsmaður stjórnar á fundinum Hallveig Ólfasdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð. Kjartan Dige Baldursson hafði boðað forföll. Fundurinn hófst kl. 14:00.

Áður en gengið var til boðaðrar dagskrár gerði formaður grein fyrir því að hann hafi rætt við Guðjón Bragason, sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs hjá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga, varðandi mögulegan samráðsfund með sveitarfélögum, sem eiga rétt á að sækja um styrk úr sjóðnum. Fram kom að það væri jákvætt að halda slíkan fund og óskaði Guðjón eftir að verði fundur haldinn fái hann fundarboð. Stjórnin ákvað að fresta afgreiðslu þessa máls til næsta fundar.

1. Fundargerð síðasta fundar, 20. janúar 2022, borin upp til samþykktar. Fundargerðin var samþykkt. Kjartan samþykkti fundargerðina með tölvupósti.

2. Auglýsing eftir umsóknum.

Farið var yfir auglýsingu eftir umsóknum frá árinu 2021 og gerðar breytingar á auglýsingunni. Samþykkt að fresta frekari umræðu um auglýsinguna til næsta fundar.

3. Áherslur stjórnar.

Samkomulag var um að halda áherslum stjórnar óbreyttum frá síðustu úthlutun en afgreiðslu frestað til næsta fundar.

4. Úthlutunarreglur.

Nokkur umræða fór fram um hvort setja eigi hámark á styrk til eins sveitarfélags og/eða á einstök verkefni og þá sem hlutfall af heildar fjárhæð sem er til úthlutunar. Frekari umræðu um úthlutunarreglur var frestað til næsta fundar.

5. Matsskjal.

Umræða um vægi hvers matsþáttar í matsblaði frestað til næsta fundar.

6. Starfsreglur stjórnar.

Farið var yfir starfsreglur og gerðar tillögum að breytingum og afgreiðslu frestað.

7. Önnur mál.

Ákveðið var að halda fund 26. janúar n.k. kl. 10:00.

Fundi slitið kl. 15:30.

